



513. fundur Þingvallanefndar

24. apríl 2024 kl 11:30-13:00

Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Orri Páll Jóhannsson, Oddný Harðardóttir og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir Andrés Ingi Jónsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Tómas A. Tómasson boða forföll. Gestir: Guðmundur Hannesson ráðgjafi. Auk þeirra sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

1. Steindórshúsið - Valhallarstígur N.8
Gestur: Guðmundur Hannesson ráðgjafi
Guðmundur fór yfir stöðuna á vinnu vegna hugmynda um veitingarekstur á Steindórsbústað. Formaður þakkaði Guðmundi fyrir ítarlega og gagnlega kynningu. Þingvallanefnd samþykkir að birta auglýsingu þar sem óskað er eftir upplýsingum frá áhugasömum aðilum um uppbyggingu og rekstur kaffi og veitingahúss í húsinu við Valhallarstíg N. 8 – Steindórshúsi að uppfylltum skilyrðum. Komi áhugi ljós í kjölfar auglýsingar verða skoðaðir kostir þess að bjóða út heildarframkvæmd við lagfæringar hússins og rekstur þess.
2. 80 ára afmæli lýðsveldisins – undirbúningur
Þjóðgarðsvörður kynnti undirbúninginn fyrir afmælishátíðina. Umræður um dagskrá og skipulag.
3. Valhallarbúð - fræða og listamannasetur
Þjóðgarðsvörður fór yfir tillögur af Valhallarbúð, fræða- og listamannasetri að Valhallarstíg nr. 3 og endurbótum sem hafa verið gerðar þar. Húsið er alveg tilbúið og hægt að auglýsa það til afnota. Þjóðgarðsvörður leggur til að bæta inn möguleika að nýta það einnig í fræðistörfum í tengslum við heimsminjaskrá UNESCO. Rætt um samstarf við Alþingi að koma að úthlutunarnefnd á svipaðan hátt og unnið er með Jónshús í Kaupmannahöfn.
Þjóðgarðsverði falið að vinna áfram að málinu.
Önnur mál
Þjóðgarðsvörður greinir frá ráðstefnu sem er í undirbúningi í samstarfi Samtök ferðapjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, UST og Vatnajökulspjóðgarð um álagsstýringu í þjóðgördum og friðlýstum svæðum, sem haldin verður 7. október í Hörpu. Í tengslum við umræðu um ráðstefnuna segir Orri Páll frá umræðu um álagsstýringu í sambandi við sólmyrkva sem verður best sýnilegur frá Látrabjargi í ágúst 2026 og áhyggjum af miklu álagi þá daga sem hann verður sýnilegur.

Fundi slitið.